



Nr.:14/2023  
4. september 2023

## Afgangur á viðskiptajöfnuði 7,5 ma.kr. á öðrum fjórðungi 2023 – hrein staða við útlönd jákvæð um 28,8% af VLF

Á öðrum ársfjórðungi 2023 var 7,5 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 19,1 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 45,2 ma.kr. betri en á sama fjórðungi árið 2022. Halli á vöruskiptajöfnuði var 84,1 ma.kr. en 87,7 ma.kr. afgangur á þjónustujöfnuði.<sup>1</sup> Frumþáttatekjur skiluðu 17 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 13,1 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2023 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2022/2</u>	<u>2022/3</u>	<u>2022/4</u>	<u>2023/1</u>	<u>2023/2</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>-37,7</b>	<b>22,7</b>	<b>-24,8</b>	<b>-11,5</b>	<b>7,5</b>
Vöruskiptajöfnuður	-39,4	-69,5	-84,1	-47,2	-84,1
Þjónustujöfnuður	42,5	117,9	28,3	25,5	87,7
Jöfnuður frumþáttatekna	-30,3	-15,0	42,7	22,7	17,0
Rekstrarframlög, nettó	-10,5	-10,7	-11,6	-12,6	-13,1
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,7</b>	<b>-0,7</b>	<b>-1,2</b>	<b>-1,3</b>	<b>-0,9</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-59,2</b>	<b>-5,4</b>	<b>51,0</b>	<b>-35,9</b>	<b>-11,1</b>
Bein fjárfesting	-64,1	-119,8	37,3	-10,2	-5,2
Verðbréf	18,8	32,6	178,1	24,8	81,0
Afleiður	2,7	2,3	4,2	-2,8	-2,6
Önnur fjárfesting	-26,8	81,6	-87,9	-25,7	-57,0
Gjaldeyrisforði	10,1	-2,1	-80,6	-22,0	-27,2
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>-20,8</b>	<b>-27,4</b>	<b>77,0</b>	<b>-23,0</b>	<b>-17,8</b>

Betri niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2022 skýrist af hagstæðari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 47,3 ma.kr. Að mestu leyti skýr-

<sup>1</sup> Sjá á [vef Hagstofunnar](#).

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

rist það af lakari afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.<sup>3</sup> Aukinn afgangur var af þjónustuviðskiptum sem nemur 45,2 ma.kr. en á móti vegur að halli af vöruviðskiptum jókst um 44,7. Halli af rekstrarframlögum var 2,7 ma.kr. meiri.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.158 ma.kr. eða 28,8% af vergri landsframlögu (VLF) og batnaði um 173 ma.kr. eða 4,3% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.193 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.035 ma.kr. Á fjórðungnum versnaði staðan um 11 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir lækkuðu um 89 ma.kr. og skuldir um 77 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar hækkuðu virði eigna á ársfjórðungnum um 113 ma.kr. en skuldir lækkuðu um 35 ma.kr. og leiddu því til 148 ma.kr. betri hreinnar erlendar stöðu. Gengi krónunnar lækkaði um 0,1% miðað við gengisskráningarvog. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 6% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði lækkaði um 10,4%.

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	Staða í lok 2023/1	Fjármagnsjöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2023/2
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>5.164</b>	<b>-89</b>	<b>113</b>	<b>4</b>	<b>5.193</b>
Bein fjárfesting	870	-68	1	15	818
Verðbréf	2.778	45	116	-7	2.932
Afleiður*	18	-3	2	0	16
Önnur fjárfesting	690	-36	0	-4	650
Gjaldeyrisforði	810	-27	-6	0	776
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>4.179</b>	<b>-77</b>	<b>-35</b>	<b>-32</b>	<b>4.035</b>
Bein fjárfesting	1.472	-63	2	-9	1.401
Verðbréf	1.509	-36	-37	-3	1.434
Afleiður*	26	0	-1	0	25
Önnur fjárfesting	1.172	21	1	-20	1.175
<b>Hrein staða þjóðarbúsins</b>	<b>986</b>	<b>-11</b>	<b>148</b>	<b>36</b>	<b>1.158</b>
<b>% af VLF</b>	<b>24,5%</b>	<b>-0,3%</b>	<b>3,7%</b>	<b>0,9%</b>	<b>28,8%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

## Endurskoðun hagtalna

Hagtölur hafa verið endurskoðaðar frá fyrsta ársfjórðungi 2019 (tafla 3). Um reglulega endurskoðun samkvæmt endurskoðunaráætlun er að ræða<sup>4</sup>. Mest áhrif hafa nýjar tölur úr árlegu úrtaki Seðlabankans í beinni fjárfestingu. Einnig eru teknar inn endurskoðaðar tölur um vöru- og þjónustuviðskipti sem Hagstofa Íslands birti í

<sup>3</sup> Neikvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem tekjur í viðskiptajöfnuði.

<sup>4</sup> Sjá [lýsigögn greiðslujafnaðar](#), bls. 16.

síðasta mánuði. Áhrifa endurskoðunarinnar gætir helst árin 2021 og 2022 en mun minna árin 2020 og 2019. Aukinn halli á viðskiptajöfnuði frá síðustu birtingu skýrist meðal annars af auknum gjöldum sem falla undir endurfjárfestingu í beinni fjárfestingu um sem nemur 19,5 ma.kr. árið 2021 og 26,4 ma.kr. árið 2022. Það skýrist af bættri rekstrarafkomu innlendra fyrirtækja í erlendri eigu sem og tekjufærslu móðurfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð. Á móti vegur að endurskoðun vöru- og þjónustuviðskipta fyrir árið 2022 leiðir til hærri tekna sem nemur 12,2 ma.kr. Lakari erlend staða þjóðarbúsins fyrir sömu ár má einnig rekja til beinnar fjárfestingar.

**Tafla 3. Endurskoðun hagtalna (ma.kr.)**

	<u>2019</u>	<u>2020</u>	<u>2021</u>	<u>2022</u>
Viðskiptajöfnuður (nýjar tölur)	198	26	-97	-76
Viðskiptajöfnuður (fyrrri tölur)	196	25	-78	-61
<b>Mismunur</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>-19</b>	<b>-14</b>
Erlend staða þjóðarbúsins (nýjar tölur)	606	1.003	1.264	942
Erlend staða þjóðarbúsins (fyrrri tölur)	606	1.005	1.277	972
<b>Mismunur</b>	<b>0</b>	<b>-3</b>	<b>-13</b>	<b>-30</b>